

# FBM FRÉTTABRÉF

N Ý J U S T U F R É T T I R F R Á F É L A G I B Ó K A G E R Ð A R M A N N A

Útgefandi: FBM Hverfisgötu 21, Rvík. Sími 552 8755, www.fbm.is 1. tölublað. apríl 2005. Ábyrgðarmaður: Sæmundur Árnason

## FRÁ AÐALFUNDI

Eitt af hlutverkum aðalfundar er að kjósa fulltrúa í nefndir er starfa innan félagsins. Eftirtaldir félagsmenn hafa valist til starfa:

**Félagslegir skoðunarmenn:** Hallgrímur Helgason, Tryggvi Þór Agnarsson. Varafulltrúar: Stefán Sveinbjörnsson og Burkni Aðalsteinsson.

**Laganefnd:** Bragi Guðmundsson, Georg Páll Skúlason og Sæmundur Árnason

**Ritstjóri Prentarans:** Georg Páll Skúlason.

**Ritnefnd:** Hrafnhildur Ólafsdóttir, Pétur Marel Gestsson, Jakob V. Guðmundsson og Sævar H. Pétursson

**Í stjórn Prenttæknistofnunar:** Georg Páll Skúlason, Sæmundur Árnason.

Varafulltrúar: Anna Haraldsdóttir og Páll R. Pálsson.

**Bókasafnsnefnd til tveggja ára:** Svanur Jóhannesson, María H. Kristinsdóttir og Þorsteinn Jakobsson.

**Fulltrúaráð Sameinaða lífsj. til tveggja ára:** Aðalfulltrúar: Bragi Guðmundsson Georg Páll Skúlason, Páll R. Pálsson. Varafulltrúar: Svanur Jóhannesson, Kristín Helgadóttir og Sigurður Valgeirsson.

**Nokkrar orðalagsbreytingar voru gerðar á reglugerð um lóðir og byggingar í Miðdal og á viðauka við þá reglugerð:** m.a. Í hverjum bústað skal vera vatnssalerni tengt **þriggja** hólfa rotþró af viðurkenndri gerð.

Heimilt er að girða af einstakar lóðir innan svæðisins, en **óheimilt er að nota gaddavír til að afmarka lóðir.**

### Húsagerðir – Hámarksflatarmál húss: 60m<sup>2</sup>

Hús skulu vera með risþaki og mæni yfir miðri hús-breidd. Húsagerðir geta t.d. verið ferkantaðar, vinkilhús eða T-laga svo dæmi séu nefnd. Hússtefna skal vera eins og sýnd er á skipulagsuppdrætti. Miðað er við að halda hæð húsa sem mest niðri í landinu, og skal því að jafnaði leggja lengri hlið húss samsíða hæðarlínunum. Mesta leyfilega vegghæð er 2,6 m. Er þar átt við hæð frá gólfbita að skurðarlínu vegggrindar að utan og efribrún sperru (eða þakása, séu þeir ofaná sperrum). Mesta hæð á mæni er **4,80 m**. Er þar átt við hæð frá gólfbita að skurðarlínu efribrúna sperra (eða þakása, séu þeir ofaná sperrum). hefjast.

## Á aðalfundi kom fram tillaga að áskorun á Samtök atvinnulífsins:

Með tilliti til þess skaða sem Sameinaði lífeyrissjóðurinn hefur orðið fyrir vegna afdrifaríkra ákvarðana stjórnarmanna sjóðsins, þá skorar aðalfundur Félags bókagerðarmanna 2005 á stjórn Samtaka atvinnulífsins að velja ekki til stjórnarsetu í sjóðnum aðra en þá sem réttindi eiga í honum, og hafa sem slíkir hag af góðri stjórnun hans.

Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.

## Þá var lögð fram tillaga um vantraust á stjórn og endurskoðanda Sameinaða lífeyrissjóðsins:

Aðalfundur Félags bókagerðarmanna, haldinn 9. apríl 2005, samþykkir að lýsa yfir vantrausti á stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins vegna vinnubragða stjórna við starfslok fyrrverandi framkvæmdastjóra sjóðsins. Jafnframt samþykkir fundurinn að beina því til næstu stjórnar að skipt verði um endurskoðendur sjóðsins.

Þessi tillaga var felld með 20 atkvæðum gegn 17.

**NYTT:** Sjúkrasjóðurinn styrkir félagsmenn til fyrirbyggjandi heilsuverndar um 25% af kostnaði. Hámarksstyrkur er kr. 10.000 á ári.

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að reikningur eða kvittun sé stíluð á umsækjanda, og að nafn og kennitala útgefanda komi fram

## FRÍ Í STAÐ YFIRVINNU

Heimilt er með samkomulagi starfsmanns og vinnuveitanda að starfsmaður safni frídögum vegna unninnar yfirvinnu á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuálag er greitt út næsta útborgunardag. Uppsafnaðir frítímar skv. framangreindu skulu veittir í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmann.

Dæmi: Starfsmaður og vinnuveitandi koma sér saman um að næstu átta yfirvinnutímar skulu greiddast með fyrirkomulagi skv.gr.1.3.2. Starfsmaður er með 100 kr. í dagvinnu og 180 kr. í yfirvinnu. Samkvæmt því fær starfsmaður greiddar kr. 80 (180-100) í yfirvinnu á meðan hann safnar frítíma.

**Ath: það er ekkert þak á fjölda tíma**

## SUMAR OG VETRARORLOF

Við viljum vekja athygli félagsmanna á því að ætli þeir að nýta sér rétt til vetrarorlofs á næsta vetri, er áriðandi að ósk um töku vetrarorlofs komi fram fyrir 1 maí. Því þarf að ganga þannig frá málum fyrir 1 maí ætli félagsmaður nú í sumar að skilja eftir 5 daga af sumarfrí til að mynda stofn til vetrarorlofs.

Þannig fá félagsmenn 5 daga til viðbótar eða alls 10 daga í vetrarorlof. Taki viðkomandi allt sumarfríð, er ekki réttur til vetrarorlofs. Þá er ekki einhliða réttur til að geyma færri daga en fimm.

Gr.6.2: Óski bókagerðarmaður með 9 ára starfsreynslu að taka vetrarorlof, þá verði sumarorlof 20 dagar og vetrarorlof 10 dagar. Óski bókagerðarmaður með 10 ára starfsreynslu eða meira að taka vetrarorlof þá verði sumarorlof 23 dagar og vetrarorlof 10 dagar.

Vetrarorlofstímabilið er frá 1 október til 1 maí.

## ÚR KJARASAMNINGI

### 1.4.1. Daglegur hvíldartími.

Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Verði því við komið skal dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23:00 til 06:00.

Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klst.

### 1.4.2. Frávik og frítökuréttur.

Við sérstakar aðstæður, þegar bjarga þarf verðmætum, má lengja vinnulotu í allt að 16 klst. og skal þá undantekningarlaust veita 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til fastra daglauna.

Þegar sérstakar aðstæður gera það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma, skv. heimild í vinnutímasamningi ASÍ/VSÍ frá 30. desember 1996, gildir eftirfarandi: Séu starfsmenn sérstaklega beðnir að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur, 1,5 klst. (dagvinnutímakaup), safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út 1/2 klst. (dagvinnutímakaup) af frítökuréttinum óski starfsmaður þess. Í öllum tilfellum er óheimilt að skerða átta klst. samfellda hvíld.

Vinni starfsmaður það lengi á undan hvíldardegi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags reiknast frítökuréttur skv. 2. mgr. Komi starfsmaður til vinnu á hvíldardegi er greitt fyrir unninn tíma auk þess sem frítökuréttur reiknast skv. 2. mgr. Framangreind ákvæði eiga þó ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að átta klst. og þá án sérstakra greiðslna.

Uppsafnaður frítökuréttur skv. framangreindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum

utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmenn enda séu uppsafnaður frítökuréttur a.m.k. fjórar klst. Við starfslok skal ónýttur frítökuréttur starfsmanns gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

### 1.4.3. Vikulegur frídagur.

Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.

### 1.4.4. Frestun á vikulegum frídegi.

Þegar ekki er unnið í vaktavinnu skal almennt miða við að viku-legur frídagur sé á sunnudegi og að allir þeir sem starfa hjá sama fyrirtæki eða á sama fasta vinnustað fái frí á þeim degi.

Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að fresta vikulegum frídegi þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frí dagar á tveim vikum. Töku frídaga má haga þannig að þeir séu teknir aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag).

Falli frí dagar á virka daga vegna ófyrirséðra orsaka skerðir það ekki rétt starfsmanns til fastra launa og vaktaálags.

## GOLF Í MIÐDAL

Golfklúbbur Dalbúa í Miðdal hvetur félagsmenn í FBM til að gerast virkir félagsmenn í klúbbnum. Árgjald fyrir hjón er kr. 30.000 en kr. 20.000 fyrir einstakling. Vallargjöld: Daggjald mánudag til fimmtudags er kr. 1.200. Hjón kr. 2.000. Föstudag til sunnudags er daggjald kr. 1.500 og hjónagjald kr. 2.500. Daggjald unglinga er kr. 500 alla daga. Vikugjald hjóna kr. 7.000. Einstaklingar kr. 4.500 og unglingar 14-16 ára 1.500.

[Félagsmenn FBM fá 33% afslátt af vallargjaldi gegn framvísun félagsskírteinis.](#)

[Miðdalsmótið í golfi verður þann 6. ágúst.](#)

## LAUSAR SUMARHÚSALÓÐIR

Nokkrum lóðum er óráðstafað í orlofslandi félagsins í Miðdal. Lóðirnar eru í Miðhverfi, ein lóð er við T-götu merkt nr. 3. Við S-götu eru fjórar lóðir nr. 3-4-5 og 6.

Þá er ein lóð við R-götu, nr. 5.

Í reglugerð um lóðir og byggingar í Miðdal segir: Félag bókagerðarmanna leigir fullgildum félagsmönnum, sem greitt hafa félagsgjöld síðastliðin fjögur ár, lóðir undir sumarbústaði. Félagsmönnum sem hug hafa á að sækja um lóðir er bent á að kynna sér reglugerðina og viðauka við hana í lögum félagsins til að kynna sér þær kvaðir sem fylgja lóðarúthlutun.

Verð lóðar er kr. 150.000

[SJÁ NÁNAR Á HEIMASÍÐU fbm.is](#)

**1.maí kaffi verður í félagsheimilinu**